

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010, nr. 251/1990.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest breytingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010, nr. 251/1990.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð, sem mælt er fyrir í skipulagslögum nr. 19/1964. Hreppsnefnd Kjalarneshrepps hefur samþykkt breytinguna og Skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hana til staðfestingar í ráðuneytinu.

Breytingin er fólgin í eftirfarandi:

1. Breyting á legu gatna og íbúðahverfi vestan við Jörfagrund og við Búagrund.
2. Efsti lóðin við Víkurgrund breytist í grænt svæði.
3. Stofnanasvæði við Esjugrund breytist í opið svæði.

*Umhverfisráðuneytið, 27. júní 1991.*

F.h.r.  
**Páll Líndal.**

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010, nr. 251/1990.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest breytingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010, nr. 251/1990.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð, sem mælt er fyrir í skipulagslögum nr. 19/1964. Hreppsnefnd Kjalarneshrepps hefur samþykkt breytinguna og Skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hana til staðfestingar í ráðuneytinu.

Breytingin er fólgin í því, að landbúnaðarsvæði í landi Saltvíkur er breytt í svæði fyrir opinbera þjónustu, og gert er ráð fyrir nýrri tengibraut milli Móa og Saltvíkur.

*Umhverfisráðuneytið, 26. júní 1991.*

F. h. r.  
**Páll Líndal.**